



VALGREINAR BREKKÓ – KYNNING LOTA 1

2025-2026

GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR

- Valgreinar eru kenndar á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 13.40 - 15.00

- *Ath einhverjar valgreinar kunna að vera kenndar á öðrum tímum

Lota 1 byrjar: 4. september
- 16. október (6 þriðjudagar
og 6 fimmtudagar)

KRAKKAR! ÞETTA ÞURFIÐ ÞIÐ AÐ VITA – MIKILVÆGT!



- Þið veljið þær valgreinar sem ykkur langar mest í fyrir hvorn dag og merkið með 1.

- Þið setjið svo 2 og 3 við þær valgreinar sem þið viljið fara í ef þið komist ekki að í númer 1.

- Þið eruð bara að velja fyrir lotu 1 núna.

- Skoðið möguleikana vel!

- Sum valsvæði taka aðeins takmarkaðan fjölda og því er mikilvægt að vanda valið, ekki bara aðalvalið því margir lenda í því að fá annað eða þriðja val.

AÐSTOÐ VIÐ ÞJÁLFUN

Þriðjudagar og fimmtudagar

Knattspyrna

Körfubolti

Fimleikar

*skilyrði að nemandi sé að æfa sjálfur
viðkomandi grein

ATH! Þetta val er ekki endilega á valtímum!

TÓMSTUNDARVAL



Mánudagar og fimmtudagar

- Hægt er að fá ípróttæfingar, tónlistarnám eða annað viðurkennt tómstundarstarf metið sem eina eða tvær valgreinar.
- Eyðublaði verður komið til þeirra nemenda sem velja tómstundarval og þeir skila því eyðublaði aftur með undirskrift þjálfara/kennara og foreldris.

KÖKUSKREYTINGAR

LAUGARDAG 20 SEPT.

SUNNUDAG 21 SEPT.

- Umsjón: Nína Björk
- Stofa: Heimilisfræðistofan
- Viltu læra að baka og skreyta þriggja hæða köku? Þá er þetta val fyrir þig
- Við bökkum köku og skreytum hana, það er val að gera vanillu eða súkkulaðiköku
- Meðan kakan er í ofninum þá gerum við súpu og brauð sem við ætlum síðan að borða í hádeginu
- Þetta eru tveir dagar annar hópurinn er á laugardegi og hinn á sunnudegi
- Við erum að miða við að byrja kl: 10:00–16:00 c.a.
- Það eru 14 nemendur sem komast í hvorn hópinn



MENNINGARFERÐ



Langar þig í menningarferð til Reykjavíkur?

Okkur langar að hafa þig með í miðbæjarferð þar sem við heimsækjum falleg söfn og spáum í skemmtilegum stöðum í miðbænum. Okkur langar að sjá Skólavörðustíg, Safnahúsið, Listasafn Íslands, endurnar á tjörninni og Listasafn Reykjavíkur. Farið verður laugardaginn 20. Sept og dagurinn tekinn í að skoða, forvitnast og upplifa menningu Reykjavíkur.

BREKKUBÆJARSKÓLI




LAN VAL

- Elskar þú tölvuleiki? Spilar þú FIFA, Fortnite eða NBA? Ekki örvænta!
- Í þessu vali munum við hittast í eitt skipti og spila saman (við veljum tíma saman). Þið komið með ykkar eigin tölvur og skjái sem við munum stilla upp hér í skólanum.
- Á LAN deginum munum við taka mót í þeim tölvuleikjum sem þið viljið eða spila frjálst, taka frímínútur, spila stinger úti og panta pizzu.



RÆKTAR VAL

- Á þriðjudögum verður ræktarval í Íþróttahúsinu á Vesturgötu
- Ég verð þar til að hjálpa þér með æfingar og sýna hvernig á að gera þær rétt
- Góð tónlist – góð stemming
- Komdu og prófaðu, þú munt ekki sjá eftir því!
- Umsjón – Hjördís



HAFFALABB

- Umsjón: Hafþór
- Byrjum vikuna á góðum göngutúr með frábærum félagsskap.
- Þetta verður ekkert flókið, á priðjudögum skellum við okkur í smá göngu, spjöllum saman og njótum þess að fá smá hreyfingu.



LESTRARDÝR FYRIR 1. BEKK



Í þessu vali söfnum við litlum böngsum og mjúkdýrum og gerum þau fín.

Við gefum þeim nöfn og baksögu, t.d. hvernig sögur þau elska að hlusta á, hvað þau eru hrædd við og hvort þau glími við einhver veikindi sem þarf að taka tillit til.

Svo æfum við upplestur fyrir börn og höldum lestrarstund með 1. BS þar sem við gefum öllum sitt eigið lestrardýr 😊

Þriðjudagar með Jónellu á skólasafninu!


HESTHÚSAVAL



- Hefur þig alltaf dreymt um að umgangast hesta?
 - kemba, flétta, moka skít og gefa.
- Þá er þetta valið fyrir þig.
- Hvenar – á þriðjudögum.
- Hvar – uppí hesthúsahverfi.
- Umsjón – Auði Freydísi og Sólveigu Ástu

HEIMANÁMSVAL

- Ert þú á unglingastigi í Brekkubæjarskóla?
- Eru kennararnir þínir strax farnir að gefa ykkur heimanám sem þið nennið ekki að gera heima?
- Gerum þetta saman, höfum það kósý og reynum að klára sem mest hér 😊
- Þriðjudaga með Tobbu og fimmtudaga með Baldvini





KVIKMYNDAFRÆÐI

Umsjón: Hafþór

Á fimmtudögum ætlar Haffi að vera með kvikmyndafræði í stofu ??? !

- Fræðumst um gerð kvikmynda
- Allskonar umræður um góðar og slæmar kvikmyndir
- Horfum á kvikmyndir og höfum gaman!

Hlakka til að sjá ykkur

Hafþór Daði

Fimmtudagar

OPIN TÓNMENTASTOFA



Fimmtudagar

- Ykkur er frjálst að æfa ykkur fyrir viðburði eins og t.d. Hátónsbarkakeppni, Hæfileikakeppni, Árshátíð, Morgunstundir og fleira.
- Annars er líka frjálst að prófa eitthvað nýtt hljóðfæri, vinna tónlist í tölvum, skoða tæknibúnað eða gera podcast.
- Ég er þarna ykkur innan handar ef ykkur vantar aðstoð eða bara spjalla ☺
- Umsjón – Nikki
- Staðsetning: Tónlistarstofa

DIAMOND PAINTING

- Hvað er notalegra en að föndra í góðravina hópi?
- Á fimmtudögum ætlum við að hittast, hlusta á tónlist og búa til demantamyndir.
- Diamond painting með Auði Freydísi.

